

Forsetafrú, Elíza Reid,
mennta- og barnamálaráðherra og aðrir gestir

Einelti og þá sérstaklega einelti á ýmsum samfélagsmiðlum hefur verið mikið til umræðu í fjölmiðlum undanfarið þar sem birt hafa verið skjáskot af skilaboðum sem ungri stúlku barst. Þau skilaboð sem þarna var um að ræða eru því miður ekkert einsdæmi og ung börn sem ekki hafa aldur til að vera á samfélagsmiðlum finnst í raun ekkert óeðlilegt að segja við skólafélaga; dreptu þig ógeðið þitt.

Þetta ásamt ýmsu öðru fær mann til þess að hugleiða hver staðan á samskiptum barna og ungmenna sé og þá sérstaklega það sem viðkemur samskiptum á samfélagsmiðlum þar sem fremur auðvelt er að senda frá sér nafnlaus og mjög andstyggileg skilaboð. Þetta eru oft á tíðum skilaboð sem viðkomanda dytti ekki í hug að segja auglitis til auglitis.

Við þurfum að horfa inn á við og hvað við sem fullorðnir einstaklingar getum gert til þess að sporna við þessum ljótu samskiptum og aukna ofbeldi barna og unglunga í samfélaginu. Hvers vegna eru ungmenni farin að bera vopn, svo sem hnífa og annað í þeim tilgangi einum að meiða eða ógna einhverjum, það þarf ekki að vera einhver sem þeim líkar ekki við heldur bara einhver sem á leið hjá á réttu eða röngu augnabliki.

Fremur ung börn á grunnskólaaldri eru komin með öpp í snjallsímana og skiptir þar engu máli þó svo að 13 ára aldurstakmark séu inn á þessi forrit. Þetta gerir það að verkum að auðvelt er að segja einhverjum sem pirraði mig í dag til syndanna og jú birta það öllum hinum líka svo þau geti séð hvað viðkomandi er pirrandi og leiðinlegur að öllu leyti. Út á þetta snýst mikið af þeim eineltismálum sem skólar takast á við.

Nú er það svo að mörg eineltismál tengjast oft á tíðum ekki skólum að öðru leyti en því að nemendur eru að fá ljót skilaboð eftir að skóladegi lýkur og sú vanlíðan sem fylgir þessum málum kemur með viðkomandi inn í skólann. Þetta mynstur erum við í fagraði eineltismála til að mynda að sjá í auknum máli í okkar málum og fyrirspurnum. Í langflestum tilfellum reyna skólar eftir fremsta megni að vinna með slík mál. Það getur þó reynst skólum erfitt þar sem hegðunin á sér stað á samfélagsmiðlum og því getur starfsfólk ekki haft yfirsýn yfir það sem gerist. Þetta kallar í auknum mæli á mikilvægi samvinnu heimilis og skóla, það er bætt foreldrasamstarf þar sem allir vinna saman í sömu átt, að sama markmiði.

Er ekki kominn tími á að við köllum á að foreldrar barna í sama árgangi skrifi undir netsáttmála þar sem ákveðið er í sameiningu hvað eigi að leyfa í árganginum? Ef hópurinn stendur saman þá er mun auðveldra að ná árangri en þegar hvert foreldri er að búa til reglur sem lúta aðeins að þeirra barni.

Jafnframt þurfa foreldrar sem leyfa börnum sínum að vera á samfélagsmiðlum að fara reglulega yfir þau samskipti sem þar eiga sér stað, bæði til þess að athuga hvort barn þeirra sé að verða fyrir áreiti á netinu eða hvort það sé að áreita aðra. Ég hef heyrt sögur frá foreldum þar sem þau eru í áfalli yfir því efni sem var á síma barns þeirra, foreldrar þurfa því að vera meðvituð um stöðu barns síns því börn og unglingar eru oft berskjölduð á netinu auk þess sem þau líta á vini á samfélagsmiðlum sem vini sína jafnvel þó þau hafi aldrei hitt þau í raunheimum. Þar koma inn áhrifavaldar í lífi barnanna sem foreldrar þekkja ekki og geta því ekki metið hvort um æskilegan félagsskap sé að ræða.

Við þurfum því í sameiningu, skóli, foreldrar og fagaðilar að finna leiðir þar sem við eflum samkennd allra í samfélaginu gagnvart náunganum og kennum börnum umburðarlyndi og virðingu fyrir öllum, að allir eigi sinn tilverurétt sama hversu ólík við erum.